



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. ágúst 2025
USK24120106

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 28.8.2025 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - Deiliskipulag - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 20. ágúst 2025, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 20. ágúst 2025 á tillögu að nýju deiliskipulagi við Ártúnshöfða 2 vegna Borgarlínu, 1. lotu, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja jákvætt að sérakreinum fyrir almenningssamgöngur verði fjölgað án þess að akbrautum fyrir almenna umferð verði fækkað. Fulltrúarnir taka þó undir þau sjónarmið Vegagerðarinnar að óvissa ríki enn um þá fullyrðingu að deiliskipulagið muni hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi og samgöngur, enda hefur slíkt ekki verið staðfest með umferðarmati. Þá taka fulltrúarnir undir áhyggjur Veitna um að þétting byggðar og aukið byggingarmagn á svæðinu kalli á viðeigandi skipulagningu innviða, og mikilvægt verði að lagnakerfið geti þjónað framtíðarþörfum svæðisins án óþarfa raskana eða tafa.

Helga Björk Laxdal
e.u.